



## Fundargerð 4. fundar stjórnar AKÍS 2026-2027

**Staður og tími:** Zoom 5 maí 2026 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Ólafur Hallgrímsson (ÓH) Ari Halldór Hjaltason (AHH), Baldvin Hansson (BH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Jón Þór Jónsson (JPJ)

**Mættir varamenn:** Hilmar Jacobsen (HJ)

**Fjarverandi:** Hrefna Björnsdóttir (HB), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Linda Karlsdóttir (LK)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

ÓH ritaði fundargerð.

---

### Dagskrá

- **Erindi frá Hrefnu**

Ákveðið að fresta erindi Hrefnu til næsta fundar.

- **Helga segir frá FIA ráðstefnu**

Mjög góð ráðstefna þar sem margir jákvæðir punktar komu fram.

HKS segir frá sjóði þar sem aðildarfélag geta sótt um styrki til kaupa á búnaði. Annar sjóður sem kynntur var varðar kennslu og þjálfun starfsfólks.

FIA er að koma á laggirnar skiptinámi fyrir sérsamböndin. Danir og Bretar eru að opna á fræðslu og kennslu á milli aðildarríkja og aðildarsambanda.

Uppfærslar voru kynntar á motorboxinu. FIA er að bjóða upp á ráðgjöf við notkun á boxinu.

Kynnt voru sérstaklega námskeið fyrir unga ökumenn og foreldra ungmenna.

Ýmis öryggismál voru rædd og þar á meðal höggmælarnir en höggmælarnir sem AKÍS fékk þarfnast uppfærslu. HKS athugar það.

Einnig er verið að koma með öryggismyndavélar í ökutæki sem einkum er hugsað varðandi rall kappakstur. Þetta er lítil myndavél sem er sett í gluggapóstinn og greinir frá hvort það sé hættu á ferð varðandi hvort t.d. áhorfendur eru of nálægt. Ef myndavél



greinir hættu mun koma tilkynning í racecontrol og starfsmenn geta gert viðkomandi ráðstafanir.

AKÍS fékk boð um þátttöku í þróun rafrænna keppnisskírteina. HKS kannar það.

FIA fulltrúi kemur hingað í júlí til að kynna aðstoð við hin ýmsu verkefni. HKS sendir stjórnarmönnum PDF kynningu.

- **Fundartímar stjórnar**

Fundurinn telur ekki ástæðu til að breyta fundartímanum.

- **Fyrirkomulag á greiðslum til keppnishaldara**

Fyrirspurn barst um greiðslu til keppnishaldara á hluta keppnisgjalda með ósk um fund vegna málsins.

Skriflegt og skýrt fyrirkomulag skortir. HKS gerir grein fyrir því hvernig þetta hefur farið fram.

HKS tekur fund vegna málsins.

- **Fundargerðir og ritun þeirra**

Rætt um ritun fundargerða, innsendingu erinda og birtingu erinda í fundargerð.

- **Skipun öryggisráðs**

Búið er að hafa samband við Magnús Ingólfsson og Garðar Sigurðsson varðandi setu í öryggisráði. Þeir eru jákvæðir að starfa í þessu ráði.

HKS falið að senda þeim skipunarbréf í öryggisráð.

Næsti stjórnarfundur verður 19. maí 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 20:45.